



Skólanámskrá Grandaskóla



Listgreinar

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Listgreinar 1. bekkur	4
Listgreinar 2. bekkur	6
Listgreinar 3. bekkur	8
Listgreinar 4. bekkur	10
Listgreinar 5. bekkur	12
Listgreinar 6. bekkur	14
Listgreinar 7. bekkur	16

Inngangur

Aðalnámskrá fyrir grunnskólann kom út í tveimur hlutum. Almennur hluti aðalnámskrár kom út 2011 en Greinasvið var gefin út 2013. Þegar ný aðalnámskrá er gefin út er skólum alltaf gefinn aðlögunar- og innleiðingartími. Í Grandaskóla er námskrá í List- og verkgreinum sett fram í tveimur hlutum annarsvegar listgreinar og hinsvegar verkgreinar. Hér gefur að líta þann hluta skólanámskrár Grandaskóla sem fjallar um listgreinar. Í aðalnámskrá grunnskóla er megingilgangur náms í list- og verkgreinum sagður vera að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar og margra, ólíkra tjáningarleiða. Námskránni í listgreinum er skipt niður í þær fjórar listgreinar sem nefndar eru í aðalnámskrá: Dans, Leiklist, Sjónlistir og Tónmennt. Í hverri listgrein eru sett fram hæfniviðmið og þess gætt að sameiginleg hæfniviðmið list- og verkgreina fléttist þar inn eins og það á við í hverri grein. Námskrá í listgreinum er skipt niður eftir árgöngum og í hverjum árgangi eru sett fram hæfniviðmið og leiðir fyrir hverja listgrein.

Ekki er gert ráð fyrir að unnin sé námskrá á hverju hausti heldur verði unnið eftir þessari námskrá. Á hverju vori skila kennarar skýrslu undir heitinu Lesið og kennt. Endurskoðun námskrárinnar byggir á skýrslum kennara. Í skýrslunum kemur fram hvernig gekk að vinna eftir námskrá, hverju var breytt út frá henni, ábendingar um nýtt námsefni og áhugaverð verkefni. Auk tillagna um breytt markmið eða breyttar áherslur eða hvaðeina sem kennarar telja nauðsynlegt að miðla áfram svo að námskrá megi þróast eins og nauðsynlegt er.

Kennsla listgreina í Grandaskóla fer fram með mismunandi skipulagi í stundaskrá. Sjónlistir eru kenndar í lotu og er miðað við að nemendur fá sem nemi einni kennslustund á viku yfir skólaárið. Danskennsla fer fram einu sinni í viku hálfri árið svo hver nemandi fær 0,5 kennslustundir á viku yfir skólaárið. Leiklist er fléttað inn í vinnu bekkjarins og er því ekki merkt sérstaklega inn á töflu sem sérstök námsgrein en hver árgangur er reglulega með sýningar á sal. Í tónmennt fær hver nemandi sem nemur tveimur kennslustundum á viku yfir skólaárið.

Í aðalnámskrá grunnskóla blaðsíðu 52 er viðmiðunarstundarskrá þar sem sett eru viðmið um tímamagn sem nemendum er ætlað. Þar eru viðmið fyrir list- og verkgreinar 900 mínútur á viku fyrir 1. – 4. bekk. Viðmið um tímamagn fyrir 5. – 7. bekk er 840 mínútur á viku. Í Grandaskóla leggjum við okkur fram um að fara eftir þessum viðmiðum þegar heildar tímamagn í þessum greinum er ákvarðað.

Grandaskóli
haust 2015

Listgreinar 1. bekkur

	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Dans	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • kynnist að minsta kosti 3 dansstílum • kynnist minnst 2 barna dönsu • hlustar á tónlist með mismunandi tónfalli og getur greint fyrsta slátt • veit hvar hann á að hefja þá dansa sem hann kann 	<ul style="list-style-type: none"> – þjálfar hugtökin hægri, vinstri, fram, aftur og til hliðar – kenna mun á hæl og tá og að hoppa í takt við tónlist 	<p>Geti dansað þá dansa sem voru kenndir.</p> <p>Þátttaka, virkni, samvinna og hegðun í tímum.</p>
Leiklist	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi • getur sett saman einfalda leikþætti í samstarfi við kennara • getur lært stuttan texta og flutt hann á skýran hátt fyrir áhorfendur • sýnir viðeigandi hegðun sem áhorfandi á leiklistarviðburðum í skólanum 	<ul style="list-style-type: none"> – einfaldur spuni og hlutverkaleikir – uppsetning á helgileik – áhorf á leiksýningar, tónleika og uppákomur 	<p>Leiðsagnarmat.</p>
Sjónlistir	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • kynnist jarðleir og eiginleikum hans við mótun • kynnist frumlitunum og geri einfaldar litablöndur • gefur ímyndunaraflinu lausan tauminn í myndsköpun • kynnist listaverkum amk. eins íslensks listamanns • tileinkar sér viðeigandi umgengni við þau efni og áhöld sem unnið er með 	<ul style="list-style-type: none"> – mótar einföld verk úr jarðleir – vinnur með gulan, rauðan og bláan þekjulit – hvattur til að gera tilraunir, prófa nýjar leiðir og breyta útaf vananum – skoðar myndverk í bókum, á skjá og/eða á sýningum – lærir hvar hlutir eru staðsettir og hvernig á að ganga frá áhöldum 	<p>Vinnueinkunn byggð á virkni nemanda og úrlausn verkefna.</p>

Tónmennt	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • kynnist hljóðheiminum • kynnist skólahljóðfærunum: tréspil, klukkuspil, tromma, o.fl. • lærir um nótnagildin ta, títí, ta a / hrynpjálfun • kynnist grunnhugtökum í tónlist s.s. forte, piano • þjálfar söngroddina • hreyfir sig og tjái við tónlist • hlustar á tónlist 	<ul style="list-style-type: none"> – hlusta og veita umhverfishljóðum athygli – þekkja skólahljóðfærin eftir heyrn – kynnast útliti og eiginleikum skólahljóðfæranna – syngja margvísleg lög í tónmenntatímum og samsöng t.d. tengd árstíðum – dansa og hreyfa sig við fjölbreytta tónlist – læra að skrifa nótnagildin ta, títí og taa. – hrynpjálfun á skólahljóðfæri – þjálfun í hlustun tónlistarævintýra – fara á tónleika hjá eldri nemendum skólans 	<p>Vinnueinkunn byggð á virkni, hegðun og samvinnu.</p>
-----------------	---	---	---

Listgreinar 2.bekkur

	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Dans	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • bætir við fleiri dönsum • hlustar á tónlist með mismunandi tónfalli og getur greint fyrsta slátt • getur dansað í haldi • býður upp í dans 	<ul style="list-style-type: none"> – kenna nýja dansa – þjálf hugtökin hægri og vinstri, fram, aftur og til hliðar – þjálf mun á hæl og tá – ganga í takt við tónlist – dansa ný hreyfimunstur 	<p>Geti dansað þá dansa sem voru kenndir. Samvinna, hegðun, og virkni í tímum.</p>
Leiklist	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skólasystkinum tillitssemi • getur sett saman einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara • getur notað einfalda leikmuni til að styðja við sköpun sína • getur lært stuttan texta og flutt hann á skýran hátt fyrir áhorfendur • getur sett sig í spor annarra í leikrænu ferli/hlutverkaleik • sýnir viðeigandi hegðun á leiklistarviðburðum í skólanum 	<ul style="list-style-type: none"> – einfaldur spuni og hlutverkaleikir – áhorf á leiksýningar, uppákomur og tónleika – leikræn uppsetning með bekkjarsystkinum 	<p>Leiðsagnarmat.</p>
Sjónlistir	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • vinnur með jarðleir og glerunga • þekkir frumlitina og læri að blanda einfaldar litablöndur • lærir að nota pappamassa við mótun • kynnist því að það eru til margskonar aðferðir til að vinna myndlist • þjálfast í sjálfstæðum og skapandi vinnubrögðu. • kynnist listaverkum amk. eins íslensks myndlistamanns • þjálfast í umgengni við ólík efni og áhöld • tileinkar sér viðeigandi umgengni við þau efni og áhöld sem unnið er með 	<ul style="list-style-type: none"> – móta verk (kertastjaka/dýr) úr jarðleir og glerjar – mála með þekjulitum og vatnslitum/bleki – vinna þrívítt verk í pappamassa – prófa mismunandi efni og áhöld til að búa til myndir – hvetja til að gera tilraunir, prófa nýjar leiðir og breyta útaf vananum – skoða myndverk í bókum, á skjá eða/og á sýningum 	<p>Vinnueinkunn byggð á virkni nemanda og úrlausn verkefna.</p>

Tónmennt	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • þjálfast í notkun skólahljóðfæra • lærir um nótnagildin ta, títi, taa tiri tiri og þögn • byrjar að skapa eigin tónverk í litlum hópum • þjálfar söngroddina • hreyfir sig og tjái við tónlist • hlusti 	<ul style="list-style-type: none"> – kynnast betur og spila á tréspil, klukkuspil, trommur o.fl. ásláttarhljóðfæri – hrynþjálfun og skráning grunnhugtaka í tónfræðinni – kenna margvísleg lög og keðjusöngva í tónmennt og samsöng – skapa tónverk eftir ákveðnum fyrirmælum – fara á tónleika hjá eldri nemendum skólans 	<p>Vinnueinkunn byggð á virkni, hegðun og samvinnu.</p>
-----------------	--	---	---

Listgreinar 3.bekkur

	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Dans	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • bætir við dönsum • hlustar á tónlist með mismunandi tónfalli og greinir fyrsta slátt • getur dansað í haldi • býður upp í dans 	<ul style="list-style-type: none"> – kenna nýja dansa – þjálf hugtökin hægri og vinstri, fram, aftur og til hliðar – þjálf mun á hæl og tá – ganga í takt við tónlist. – dansa ný hreyfimunstur 	<p>Geti dansað þá dansa sem voru kenndir. Samvinna, hegðun og virkni í tímum.</p>
Leiklist	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skólasystkinum tillitssemi • getur sett saman einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara með skýru upphafi, miðju og endi • getur notað einfalda leikmuni til að styðja við sköpun sína • getur lært stuttan texta og flutt hann á skýran hátt fyrir áhorfendur • getur sett sig í spor annarra í leikrænu ferli/hlutverkaleik • sýnir viðeigandi hegðun sem áhorfandi í leikhúsi eða á leiklistarviðburðum í skólanum 	<ul style="list-style-type: none"> – leikræn uppsetning með bekkjasystkinum – einfaldur spuni og hlutverkaleikir – áhorf á leiksýningar, uppákomur og tónleika 	<p>Leiðsagnarmat.</p>

<p>Sjónlistir</p>	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> vinnur með frumlitina og þjálfist í litablöndun. kynnist því hvernig andstæðir litir skapa áherslu og spennu. vinnur með blandaða tækni. þekkir hugtakið „áferð“ og vinni með áferðir. bætir við færni sína í vinnu með jarðleir og mótun í þrívídd. kynnist myndlistarverkum sem eru unnin á ólíkan hátt. gerir sér grein fyrir notagildi endurnýtanlegra efna við listsköpun. þjálfast í sjálfstæðum og skapandi vinnubrögðum. tileinkar sér viðeigandi umgengni við þau efni og áhöld sem unnið er með. 	<ul style="list-style-type: none"> mála með þekjulitum og blandar einfaldar og flóknar litablöndur blanda klippimyndum í málverk skoða og safnarmismunandi áferðum vinna verk í jarðleir sem þarf að líma með slip og nota áferð vinna með endurnýtt efni s.s. dagblöð og pappa. hvetja til að gera tilraunir, prófa nýjar leiðir og breyta útaf vananum skoða myndverk í bókum, á skjá eða/og á sýningum 	<p>Vinnueinkunn byggð á virkni nemanda og úrlausn verkefna.</p>
<p>Tónmennt</p>	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> getur leikið einfalda rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur skólahljóðfæri getur skapað einföld tónverk á skólahljóðfæri: upphaf-miðja-endir getur tjáð tónlist með frjálstri hreyfingu. þjálfist í söng vinnur með grunnþætti tónfræðinnar þjálfast í að koma fram á tónleikum bekkjarins 	<ul style="list-style-type: none"> æfa einfaldar útsetningar fyrir skólahljóðfæri semja einföld tónverk eftir myndum, árstíðum, ljóðum og sögum. hrynþjálfun þjálfun í tónlistartáknum syngja margvísleg lög í tónmenntatímum og samsöng. dansa og hreyfa sig við tónlist frá ýmsum löndum fara á tónleika hjá eldri nemendum skólans 	<p>Vinnueinkunn byggð á virkni, hegðun og samvinnu.</p>

Listgreinar 4.bekkur

	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Dans	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • bætir við dönsum • hlustar á tónlist með mismunandi tónfalli • greini fyrsta slátt og hvað eru margir slættir í takti • veit hvenær á að hefja dansinn í tónlistinni í þeim dönsum sem hann kann • lærir fleiri dansstíla 	<ul style="list-style-type: none"> – kenna nýja dansa – þjálfa hugtökin hægri og vinstri, fram, aftur og til hliðar og hvernig á að beita hæl og ták, – þjálfa rétta líkams-/dansstöðu – þjálfa hvaða stöðu og hald á við þá dansa sem nemendur kunna 	<p>Kann þá dansa sem voru kenndir. Þátttaka, virkni, samvinna, tillitsemi og hegðun í tímum.</p>
Leiklist	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skólasystkinum tillitssemi • getur sett saman einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara með skýru upphafi, miðju og endi • getur notað einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína • getur sett sig í spor annarra í leikrænu ferli/hlutverkaleik og tekið þátt í viðtali sem ákveðin persóna • getur sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi • getur bent á leikið efni og ólík hlutverk þess • getur lýst leiknu efni út frá söguþræði, innihaldi og persónum 	<ul style="list-style-type: none"> – leikræn uppsetning með bekkjasystkinum – spuni út frá einföldum kveikjum og/eða búningum – hlutverkaleikir – áhorf á leiksýningar, uppákomur og tónleika – áhorf á leikna þætti eða kvikmyndir og umræður 	<p>Leiðsagnarmat.</p>

<p>Sjónlistir</p>	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • þjálfast frekar í blöndun lita • þekkir hugtakið „litatónar“ og lærir að blanda mismunandi tóna • þekkir heita og kalda liti og áhrif þeirra • öðlast skilning á þrykki og vinnur þrykkmyndir • kynnist hugtakinu „myndbygging“ og getur sýnt nálægð og fjarlægð í mynd • getur fullunnið mynd ú tfrá skissu • kynnist verkum Ásmundar Sveinssonar og vinnur eigin skúlptúr • getur endurnýtt efni til listsköpunnar • þjálfast í sjálfstæðum og skapandi vinnubrögðum • tileinkar sér viðeigandi umgengni við þau efni og áhöld sem unnið er með 	<ul style="list-style-type: none"> – mála 6 litahring og skoða mismunandi tóna – vinna samvinnuverkefni með heitum og köldum litum – gera pappaprykksmót og þrykkja nokkrar myndir – skissa umhverfi eftir fyrirmynd og fullvinna mynd í litum útfrá skissu – ferð á Ásmundarsafn. – gera skúlptúr úr endurnýtanlegu efni – hvetja til að gera tilraunir, prófa nýjar leiðir og breyta útaf vananum 	<p>Vinnueinkunn byggð á virkni nemanda og úrlausn verkefna.</p>
<p>Tónmennt</p>	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur leikið einfalda rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur skólahljóðfæri • þekkir hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun. • getur greint ólíkar raddir og beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og spuna • getur tekið þátt í og skapað einfalt tónverk/hljóðverk og skráð það á einfaldan hátt • getur tjáð tónlist með frjálstri hreyfingu • þjálfast í að koma fram á tónleikum bekkjarins 	<ul style="list-style-type: none"> – æfa fjölbreyttar útsetningar fyrir skólahljóðfæri í einstaklings- og hópavinnu – kynna hljóðfæri í fræðibókum um tónlist – þjálfast að þekkja hljóðfæri eftir heyrn með því að hlusta á tónðæmi – syngja margvísleg lög í tónmenntatímum og samsöng. – semja tónverk eftir myndum, árstíðum, ljóðum og sögum – dansa og hreyfa sig við tónlist frá ýmsum löndum – fara á tónleika hjá eldri nemendum skólans 	<p>Vinnueinkunn byggð á þátttöku og virkni í tímum, samvinnu og samskiptum.</p>

Listgreinar 5.bekkur

	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Dans	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur dansað fleiri spor í þeim dönsum sem hann kann • bætir við dansa • sýnir fram á aukna hæfni í því hvar skal hefja dansinn í tónlistinni • sýnir að hann kann línudansa frá fyrri árum 	<ul style="list-style-type: none"> – kenna nýja dansa – þjálfá líkams-/dansstöðu – fara yfir hvaða stöðu og hald á við þá dansa sem nemendur kunna – farið í danstegundir og leiki sem þau kunna. 	<p>Kann þá dansa sem voru kenndir.</p> <p>Þátttaka, virkni, samvinna, tillitsemi og hegðun í tímum.</p>
Leiklist	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin við undirbúning og sköpun leikþátta • getur nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis • getur skapað stutta leikþætti í félagi við aðra • getur nýtt sér leikmuni og búninga til þess að styrkja sköpun sína • getur flutt stuttan leiktexta í hlutverki fyrir framan áhorfendur • getur rætt um leikið efni á sviði og myndmiðlum og tjáð skoðanir sínar á því 	<ul style="list-style-type: none"> – leikræn uppsetning með bekkjasystkinum – spuni út frá einföldum kveikjum og/eða búningum – hlutverkaleikir – áhorf á leiksýningar, uppákomur og tónleika – áhorf á leikna þætti eða kvikmyndir og umræður um viðfangsefnið 	<p>Leiðsagnarmat.</p>

Sjónlistir	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • öðlast meiri færni í að blanda litatóna • vinnur markvisst með andstæða liti í mynd til að skapa áhrif • rannsakar form og þjálfast í að skissa og teikna eftir fyrirmynd • þjálfast í að breyta tvívídd í þrívídd og öfugt • skoðar þróun og gildi hönnunar og spáir í gildi handverks • hannar box með loki og vinnur í jarðleir • kynnist ólíkum mynsturgerðum og hannar eigin mynstur • þjálfast í sjálfstæðum og skapandi vinnubrögðum • tileinkar sér viðeigandi umgengni við þau efni og áhöld sem unnið er með 	<ul style="list-style-type: none"> – vinna skissur eftir fyrirmynd þar sem reynt er að greina formin – mála mynd með andstæðum litum þar sem reynt er að blanda marga tóna af sama lit – þátttaka í umræðum um hönnun og handverk – hannara og móta box úr jarðleir – hanna mismunandi mynstur – hvetja til að gera tilraunir, prófa nýjar leiðir og breyta útaf vananum – skoðar myndverk í bókum, á skjá eða/og á sýningum 	<p>Vinnueinkunn byggð á virkni nemanda og úrlausn verkefna.</p>
Tónmennt	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur leikið rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur skólahljóðfæri • þekkir hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun • getur greint ólíkar raddir og beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og spuna • getur tekið þátt í og skapað tónverk/hljóðverk og skráð það • lærir að skoða vinnu samnemenda og gagnrýna á uppbyggilegan hátt • getur tjáð tónlist með frjálstri hreyfingu • þjálfast í að koma fram á tónleikum bekkjarins 	<ul style="list-style-type: none"> – æfa fjölbreyttar útsetningar fyrir skólahljóðfæri í einstaklings- og hópavinnu – syngja margvísleg lög í tónmenntatímum og samsöng – fara í flóknari hrynpjálfun – semja tónverk eftir gefnum forsendum s.s. að fram komi crescendo og diminuendo, solo – tutti – dansa og hreyfa sig við tónlist frá ýmsum löndum – búa til hreyfingu (dans) út frá hrynmynstri 	<p>Vinnueinkunn byggð á þátttöku og virkni í tímum, samvinnu og samskiptum.</p>

Listgreinar 6.bekkur

	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Dans	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur dansað fleiri spor í þeim dönsum sem hann kann • lærir fleiri dansa • getur sýnt fram á aukna hæfni á því hvar skal hefja dansinn í tónlistinni • getur boðið upp í dans af öryggi • sýnir að hann man dansa ársins frá fyrri árum 	<ul style="list-style-type: none"> – kenna nýja dansa – þjálfá líkams- /dansstöðu – þjálfá hald við þá dansa sem nemendur kunna. – kenna fleiri danstegundir 	<p>Kann þá dansa sem voru kenndir. Þátttaka, virkni, samvinna, tillitsemi og hegðun í tímum.</p>
Leiklist	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis • getur skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum og söguþræði • getur nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína • getur flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur • getur skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti • getur beitt fleiri en einu formi leiklistar (s.s. látbragðsleik og kyrrmyndum) • getur rætt um og túlkað leikið efni á sviði og myndmiðlum út frá fleiri en einu sjónarhorni 	<ul style="list-style-type: none"> – leikræn uppsetning með bekkjasystkinum – spuni út frá fjölbreyttum kveikjum og/eða búningum og leikmunum – hlutverkaleikir – áhorf á leiksýningar, uppákomur og tónleika – áhorf á leikna þætti eða kvikmyndir og umræður um viðfangsefnið 	<p>Leiðsagnarmat.</p>

Sjónlistir	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • þjálfast í að nota mismunandi teikniáhöld og ólíkar teikniaðferðir • gerir sjálfmynd-portrett, með nokkuð réttum hlutföllum • lærir um Impressionisma og kynnist nokkrum verkum Mone • getur notað litatóna til að skapa áhrif ljóss og skugga í mynd • lærir um Expressionisma og helstu listamenn hans • getur notað liti markvisst til að skapa áhrif og tjá tilfinningar í mynd • þjálfast í sjálfstæðum og skapandi vinnubrögðum • tileinkar sér viðeigandi umgengni við þau efni og áhöld sem unnið er með 	<ul style="list-style-type: none"> – krassað og krotað með ólíkum áhöldum, teiknað með báðum höndum, blindandi, útlínuteikningar og fleira – kennt um hlutföll í andliti, að mæla, rannsaka og horfa – gera gráskala og fleiri litaskala – mála myndir í stíl Impressionista og Expressionista – hvetja til að gera tilraunir, prófa nýjar leiðir og breyta útaf vananum – skoðar myndverk í bókum, á skjá eða/og á sýningum 	<p>Vinnueinkunn byggð á virkni nemanda og úrlausn verkefna.</p>
Tónmennt	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • öðlast færni í notkun og umgengni við rafmagnshljóðfæri og hljóðnema • fær þjálfun í greiningu hljóma og virkri hlustun • lærir að spila á hin ýmsu hljóðfæri léttan hljómagang • lærir að spila grunnhryn á trommusett • þjálfast í samspili • þjálfast í að koma fram og spila fyrir áheyrendur 	<ul style="list-style-type: none"> – unnið er með hljóðfæra-útsetningar þar sem nemendur spila á: Trommusett, rafmagnsgítar, rafmagnsbassa og hljómborð – nota hljóðnema – kennsla fer fram í lotu og tónleikar eru í lok hverrar lotu 	<p>Vinnueinkunn byggð á þátttöku, samspili og samvinnu.</p>

Listgreinar 7.bekkur

	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • lærir fleiri spor í þeim dönsum sem hann kann • lærir fleiri dansa • getur sýnt fram á aukna hæfni á því hvar skal hefja dansinn í tónlistinni í þeim dönsum sem hann kann • kannar hvort hann geti samið dansspor 	<ul style="list-style-type: none"> – kenna nýja dansa – þjálfá líkams- /dansstöðu – þjálfá hald við þá dansa sem nemendur kunna – kenna fleiri danstegundir 	<p>Kunni þá dansa sem voru kenndir Þátttaka, virkni, samvinna, tillitsemi og hegðun í tímum.</p>
Leiklist	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. • getur skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu • getur nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína • getur flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur • getur skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd- og líkamsbeitingu • getur beitt fleiri en einu formi leiklistar (s.s. skuggaleikhúsi, látbragðsleik, kyrrmyndum), • getur sagt frá ferlinu við uppsetningu leiksýningar og helstu störfum sem unnin eru bakviðs í leikhúsi • getur rætt um leikið efni á sviði og myndmiðlum út frá fleiri en einu sjónarhorni og sett það að einhverju leyti í samhengi við eigið líf og samfélag 	<ul style="list-style-type: none"> – leikræn uppsetning með bekkjasystkinum – spuni út frá fjölbreyttum kveikjum og/eða búningum og leikmunum – hlutverkaleikir – markviss upplestrarþjálfun með áherslu á radd- og líkamsbeitingu – áhorf á leiksýningar, uppákomur og tónleika – áhorf á leikna þætti eða kvikmyndir – umræður og verkefnavinna tengd viðfangsefninu 	<p>Leiðsagnarmat.</p>

Sjónlistir	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • tileinkar sér notkun skissubókar til að halda utanum hugmyndir • getur unnið þrívítt verk út frá skissu • lærir að nota skapalón-stensla af netinu í eigin myndsköpun • lærir að gera dúkristu og prenta • kann skil á nokkrum mismunandi listastefnum s.s Súrrealisma, Kúbisma, Pop-list og Abstrakt list og þekkir nokkra af helstu listamönnum þeirra stefna • þjálaist í sjálfstæðum og skapandi vinnubrögðum • tileinkar sér viðeigandi umgengni við þau efni og áhöld sem unnið er með 	<ul style="list-style-type: none"> – skissa allar hugmyndir í skissubók – hvetja til að gera tilraunir, prófa nýjar leiðir og breyta útaf vananum – skoða myndverk í bókum, á skjá eða/og á sýningum 	<p>Vinnueinkunn byggð á virkni nemanda og úrlausn verkefna.</p>
Tónmennt	<p>Nemandinn:</p> <ul style="list-style-type: none"> • kynnist tónlistarforritum og þjálfist í að semja tónlist í þeim við ýmis verkefni 	<ul style="list-style-type: none"> – kenna á lúppuforritið Acid og nótnaforritið Evolution Garageband í iPad – semja lög/tónverk í ýmsum stílum – semja tónlist við auglýsingu sem nemendur vinna í Flash – semja tónlist við búið úr bíómynd – taka upp hljóð og vinna með það í Audacity hljóðvinnsluforriti – semja tónlist við myndir sem nemendur taka – movie maker 	<p>Vinnueinkunn byggð á vinnu í tímum og samvinnu við aðra.</p>